

Fundur í sveitarstjórn

103. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar 2014 verður haldinn miðvikudaginn 30. apríl 2014 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Indriði Þóroddsson, Ævar Rafn Marinósson, Dagrún Þórisdóttir, Gunnólfur Lárusson, Steinunn Leósdóttir, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundargerð og svo var ekki.

DAGSKRÁ:

- 1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 101/2014**
Lögð fram til kynningar.
- 2. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 102/2014**
Lögð fram til kynningar.
- 3. Fundargerð frá umhverfis og skipulagsnefnd dags. 29. apríl 2014**
Lögð fram til kynningar.
Liður 1. í fundargerð lagður fyrir sveitarstjórn.
Samþykkur samhljóða.
Liður 2. í fundargerð lagður fyrir sveitarstjórn.
Samþykkur samhljóða.
- 4. Fundargerð 11. fundar samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 27. mars 2014**
Lögð fram til kynningar.
- 5. Fundargerð kynningarfundar fyrir sveitarfélög um fjarskiptamál dags. 27. mars 2014**
Lögð fram til kynningar.
- 6. Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 14. apríl 2014**
Lagt fram til kynningar.
- 7. Bréf sent á stjórn Menningarmiðstöðvar Þingeyinga dags. 8. apríl 2014**
Lagt fram til kynningar
- 8. Merkingar á Valda vatnsbera og Stríðsegginu**
Lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma upp þessum merkingum.
Samþykkt samhljóða.
- 9. Arðgreiðsla Lánasjóðs sveitarfélaga ohf vegna 2013**
Lagt fram til kynningar
- 10. Hálsvegur 9-11. Tilboð í klæðningu og ísetning á gluggum**
Lagt fram til kynningar

Sveitarstjórn samþykkir hærra tilboðið í klæðningu og ísetningu á gluggum upp á tæpar 3,6 milljónir. Samþykkt samhljóða. Þessi upphæð verður tekin af framkvæmdar- og fjárfestingarverkefnum ársins.

11. Styrkir vegna útsýnispalls á Skoruvíkurbjörgum og staða á verkinu

Lagt fram til kynningar.

Viðbótarstyrkur kom inn frá framkvæmdarsjóði Ferðamannastaða alls 2 milljónir kr. Miðað við stöðuna í dag verður pallurinn hífður niður í næstu viku.

Dagsetning á formlegri opnun hefur ekki verið ákveðin.

12. Ráðgjafasamningur við Skólastofuna.

Lagður fram til kynningar.

Ólafur kynnti samningsdrög. Fyrirliggjandi samningsdrög lögð fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

13. Bréf vegna Sandvíkur frá Guðjóni Gamalíelssyni

Lagt fram til kynningar.

14. Sértaekar húsaleigubætur

Sveitarstjóra falið að koma með tillögu að reglum á sértækum húsaleigubótum fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

Samþykkt samhljóða.

15. Endurfjármögnun Langanesbyggðar

Sveitarstjóri fór yfir töflu sem sýnir núverandi lánasafn sveitarfélagsins. Engin erlend lán eru í lánasafninu og hlutfall á milli verðtryggðra lána og óverðtryggðra er talsvert breytt. Eftir endurskipulagningu standa eftir 15 lán í stað 40 lána.

16. Rekstraruppgjör Langanesbyggðar jan – mars 2014

Sveitarstjóri fór yfir helstu niðurstöður í rekstraruppgjöri fyrir jan-mars. Rekstur sveitarfélagsins er í samræmi við áætlanir að mestu leyti nema að útsvar hefur lækkað og tekjur í höfninni eru umtalsvert minni vegna loðnubrest.

17. Ársreikningur Langanesbyggðar 2013 - seinni umræða

Ársreikningur 2013 lagður fyrir sveitarstjórn í síðari umræðu. Ein breyting var gerð varðandi skýringar á lánasafni sveitarfélagsins. Annað er óbreytt frá fyrri umræðu.

Ársreikningur ásamt greinargerð verður birtur á heimasíðu Langanesbyggðar.

Ársreikningur 2013 borinn upp til samþykktar.

Samþykktur samhljóða.

18. Skólamiðstöð á Þórshöfn skipulags- og kostnaðarumræða

Sveitarstjóri lagði fram gögn vegna fyrirhugaðrar byggingar skólamiðstöðvar. Sveitarstjóri fór yfir 3 valkosti á fjárfestingum og lántöku. Þá lagði sveitarstjóri fram grófa kostnaðaráætlun fyrir skólamiðstöð. Frumkostnaðaráætlun miðað við núverandi stærð af skólamiðstöð er áætlaður 350-400 milljónir en það fer eftir byggingargerð.

Miklar umræður urðu um leikskólabygginguna og hvar við erum stödd í ferlinu. Mikið rætt um það hvort mögulegt er að gera þetta ódýrara. Skoða þarf hvort aðrar útfærslur á byggingunni lækki kostnað.

Æskilegt er að hefja viðræður við Svalbarðshrepp um formlega aðkomu að málinu.

19. Skýrsla sveitarstjóra

- a. Sértaekur byggðarkvóti á Bakkafirði. Sveitarstjóri kynnti stöðuna á viðræðum vegna sértæks byggðarkvóta.
- b. Byggðakvóti á Bakkafirði.
- c. Biðlistar á leikskóla. Sveitarstjóri er að vinna í þeim málum.
- d. Innheimtuþjónusta. Sveitarstjóri kynnti breytingar í innheimtuþjónustu og í hverju þær felast.
- e. Starfsmannamál. Sveitarstjóri kynnti breytingar í starfsmannamálum.
- f. Skólastefna útgáfa. Málið er í vinnslu.
- g. Verkefnalisti frá áhaldahúsi. Sveitarstjóri er með langan lista úr áhaldahúsinu vegna verkefna sumarsins. Listinn verður sendur í tölvupósti.
- h. Uppgjörsmál v. brunavarnarmála v/samstarf við Vopnafjarðarhrepp. Sveitarstjóri kynnti þær upplýsingar sem hann hefur um málið. Sveitarstjórnarmenn ræddu málið. Ákveðið að taka málið til afgreiðslu með atkvæðagreiðslu. Sveitarstjórn hafnar að greiða Vopnafjarðarhrepp meinta gamla skuld við Vopnafjarðarhrepp. 4 samþykktu tillöguna, 2 voru á móti og 1 sat hjá.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 20:24